

Einærar fóðurlúpínur (*Lupinus luteus* og *L. angustifolius*.)

Enska; Yellow lupin og Narrow-leaved eða Blue lupin d. Lupiner n. Lupiner s. Lupiner

Tegundalýsing og kjörlendur

Þegar talað er um einæra fóðurlúpínu er yfirleitt átt við gullúpínu (*Lupinus luteus*) eða blálúpínu (*L. Angustifolius*) og verður þeim lýst hér saman enda mjög skyldar. Þær eru einnig nefndar sætlúpínur. Þær eru af ertublómaætt og nýta því köfnunarefni sem samlífsbakteriur tillifa úr andrúmsloftinu. Blómagnir eru smáar og öfugegglega. Krónublöð gullúpínunnar er gul en á blálúpínunni eru þau blá, eða fjólublá en stundum bregður fyrir einnig bleikum eða hvítum lit. Stönglar eru uppréttir, kvíslóttir og hærðir sem og hluti blaða. Hæð blómberandi stöngla er breytileg eða frá 20-120 cm. Blöð eru á enda langra blaðstöngla og samanstanda af 5-9 mjóslegnum smáblöðum.

Fóðurlúpínur vaxa hér á landi eingöngu í ræktunarlandi þar sem þeim er sáð.

Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Fóðurlúpínur hafa nánast eingöngu verið ræktaðar í tilraunskyni hér á landi og þær henta hugsanlega einna helst í lífrænni ræktun. Þær eru góðar fóðurjurtir sem eru prótein- og steinefnaríkar og frekar trénislítlar miðað við grastegundir. Fóðrunarvirðið er yfirleitt talið gott. Lúpínurnar má beita en mælt er frekar með því þær séu slegnar og votverkaðar. Votverkun lúpínu getur verið aðeins vandasamari en með fóðurgrósum vegna hás próteins/sykru hlutfalls og þess vegna er ávalt ráðlegt að nota íblöndunarefni til að tryggja verkun. Gallar fóðurlúpínunnar eru líkt og hjá öðrum fóðurjurtum af ertublómaætt ótrygg uppskera en við kjöraðstæður getur hún gefið 4-6 þurrefnistonn á ha.

Ræktunarleiðbeiningar

Fóðurlúpínu er best að sá hreinni. Hún vex best í rökum en vel ræstum steinefnaríkum jarðvegi með hátt sýrustig. Þúsund kornþyngdin er 130 -180 g og ráðlagt sáðmagn er um 200 kg á ha. Til að tryggja eðlilegan vöxt lúpínunnar er nauðsynlegt að smita fræið með niturbindandi samlífsbakteríum. Upplýsingar um heppileg yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Sáðdýpt er um 2 -4 sm og sáðbeðið á að vera laust við illgresi og vel unnið (plægt, herfað og valtað). Best er að raðsá snemma vors þegar jörð er tilbúin. Lúpínan þarf lítinn sem engann köfnunarefnisáburð (0-20 kg N/ha) en fullan grænfóðurskammt af P og K (sjá Handbók bænda).

